


MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

DC **DOUBLE**
CHEESE



K Y N N I R



big ROYAL

150 GRAMMA HAMMARI MEÐ GRILLBRAGÐI!

Í AÐALHLUTVERKI

100% NAUTAKJÖT 150G TVÆR OSTSNÆIÐAR ÍSLENSKAR GÚRKUR BUFFTÓMATUR
RAUÐLAUKUR BRAKANDI FERSKT SALAT ROYAL HAMBORGARASÓSA RAUÐ PAPRIKA HAMMARABRAUÐ

Á myndina úr heita pottinum næst á síðinni vantar stjórnumblaðakonuna **Sígn Jónsdóttur**. Hún var í heitum potti á Spáni þegar myndin var tekin.

Vildi gera besta lag sögunnar



Berndsen og **Bubbi Morthens** starfa saman í glænýju lagi sem verður frumflutt fyrir helgi. Lagið heitir **Úlfur úlfur** og kostaði næstum árs langa vinnu.

„Upprunalegu hugmyndina átti í rauninni Óli Palli á Rás 2. Bubbi er náttúrliga þar með þáttinn Færibandið og ég vinn þar sem tæknimaður. Þá byrjaði Óli Palli að segja við Bubba að hann yrði að gera lag með mér og svo byrjaði Bubbi sjálfur að segja við mig: „Jæja, hvenær eigum við að gera þetta lag?“ alveg á fullu og þetta vatt bara upp á sig.“

„Innblásturinn fyrir lagið er náttúrliga „eitís“ Bubbi, bara eins og hann var á níunda áratugnum. Ég hamraði alveg á því að þetta yrði að vera sú útgáfa af honum.“

„Bubbi var bara hreinn fag- maður. Hann kom inn í stúdíóið og söng þetta bara á „no time“.

Við tókum tíu tölur og bara búmm, komið. Það

var einmitt helvíti skemmtilegt að ég var með einhverjar Bubba-plötur á borðinu þegar hann mætti, ég hafði verið að hlusta á þær til að fá innblástur, og hann var ansi sáttur með það.“

Lagið, sem heitir Úlfur úlfur, var þó ansi lengi

í fæðingu. „Maður hefur oft séð svona samstörf sem eru bara ekki nógu góð og það er bara verið að stilla saman einhverjum nöfnum þannig að ég vildi gera þetta alveg geðveikt. Það er búið að taka mig næstum ár að gera lagið, maður er búinn að leggjast í hvert einasta smáatriði. Stundum langaði mig meira að segja bara að hætta að gera músík, væntingarar til þessa laga voru alveg að fara með mig. Ég vildi bara að þetta yrði besta lag sögunnar. Svo er maður bara loksins tilbúinn að sleppa þessu“, segir Berndsen léttur á því. Það tók þó ekki allt í gerð lagsins jafnlangan tíma, því gítarleikarinn Hrafnkell Gauti þurfti bara eina töku í gítarsólið sitt í laginu. „Þetta er satt, ég hef aldrei séð neinn gera annað eins í stúdíói. Hann er alveg svaðalegur.“

Lagið verður frumflutt í þættinum Virkir morgnar fimmtudaginn 30. júní kl. 11 og svo má búast við að lagið ómi í klúbbum miðbæjarins út sumarið.

BUBBI HRIFINN AF BERNSEN

„Þetta er klassískur eitís-smellur. Þetta er auðvitað tónlist sem var í kringum mann á sínum tíma. Axlapúðar, sitt að aftan, kókaín og mikið af kvenfólki“, segir Bubbi Morthens sem syngur viðlagið í sumarsmelli þeirra Berndsen. „Ég hef alltaf verið dálítið hrifinn af Berndsen. Mér finnst hann vera einlægur og heiðarlegur í því sem hann er að gera. Það er mikil ákefð í þessu hjá honum og hann er að upplifa hlutina á sínum forsendum. Maður segir ekki nei við svona stráka.“

Monitor mælir með

Á SJÓNUM

Á Stokkseyri er hægt að fara í skemmtilegar kajakferðir.



Margr mismunandi tegundir ferða eru í boði og geta fjölskyldur, skóla- og vinahópar fundið eitthvað við sitt hæfi. Það er gaman að róa um í faðmi fugla og sela og láta öldumar bera sig út í hið óvænta. Eftir langa sjóferð er svo hægt að ylja sér í sundlaug bæjarins.

Í MUNNINN

Svo við höldum okkur á Stokkseyri þá er upplagt að smella sér á veitingastaðinn



Fjöruborðið þar í bæ. Þar er hægt að gæða sér á dýrindis humarsúpu og eins er hægt að demba sér í heila humarveislu. Bragðlaukarnir verða hið minnsta ekki fyrir vonbrigðum.

Á GOLFEVLLINUM

Strákarnir hjá Pro Golf eru virkilega færir golfkennarar. Hafir þú snefl af golfáhuga og vilt verða betri þá er um að gera

að panta sér einn tíma hjá þessum snillingum.

Þeir taka sveifluna í gegn og áður en þú veist af ertu

farinn að fara holu í höggi alveg eins og vindurinn.



Vikan á...


facebook



Ingólfur Þórarinsson
...tókum hjóm- sveitaræfingu áðan fyrir Írsku

Daga sem eru um helgina ásamt Bjögga Halldórs, Mér leið svona aðeins eins og ég væri að hitta Elvis Presley og þrátt fyrir að vera sextugur sagði hann samt góðar sögur á okkar mælikvarða...

28. júní kl. 23:51



Vala Grand
I miss my boyfriend so much aghhhhhhhhhhhhhhhhhhhhhhhh and kiss him

28. júní kl. 17:42



Þórunn Antonía
Er í bikini í Latabæ...bara svona basic

Þriðjudagur:) 28. júní kl. 14:33



Bubbi Morthens Hefði verið Prinsanámsskeið þegar ég var Litil hefði

ég grátið þar til móður mín hefði sent mig á slík.Áfram Prinsessunáskeið Djöfull er þetta að verða Grátt land og leiðinlegt.

28. júní kl. 14:09



Óttar Snædal
Fötin skapa manninn.

23. júní kl. 19:50

Feitast í blaðinu

Rafduettinn Captain Fufanu segir frá kynnum sínum af Köln í Þýskalandi. >>4

Útileguhelgin mikla er framundan, ert þú á leið út á land? >>6

Áttir þú Pikachu eða Poison-sleggju? Það muna allir eftir einhverju af æðunum. >>8

Birgitta Haukdal saknar strákanna í Írafar og er á leið til Barcelona. >>12

Stíllinn fjallar um helstu hatta hennar Kötú hertogynju sem eru þó misfallegir. >>16

Efst í huga Monitor



Verið hress, ekkert stress

Þetta er 63. og síðasta vikublað Monitor sem ég ritstýri, en ég er að halda á vit nýrra ævintýra. Ég þarf ekki að taka fram hversu skemmtilegir og viðburðaríkir undanfarnir 16 mánuðir hafa verið.

Frá upphafi höfum við einsett okkur að upphafa þá sem gera góða hluti, fjalla um mál á léttum nóttum og vera jafnhress og Hemmi Gunn. Skemmtilegast þykir mér að blaðið hafi náð þeim mikla lestri og árangri sem raunin er án þess að hafa nokkurn tímann skrifað neikvætt orð um nokkurn mann.

Við stjórninni tekur snillingurinn Jón Ragnar Jónsson. Honum til halds og trausts verður það góða fólk sem hefur unnið með mér að því að koma Monitor-skútunni á þann stað sem hún er í dag. Framtíð blaðsins er björt.



JÓN RAGNAR, ELGUR, BJÖRN BRAGI OG HILMAR

Ég ætla ekki að hafa þennan þípstil lengri. Mig langar að nota plássið hér fyrir mynd sem tekin var í vikunni af okkur sem færum ykkur blaðið. Hún er lýsandi fyrir

þá góðu stemningu sem ríkir á ritstjórninni. Skál fyrir ykkur kærur lesendur. Takk fyrir mig, Björn Bragi

MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri: Björn Bragi Amarsson (bjornbragi@monitor.is) Umbrot og hönnun: Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is)

Blaðamenn: Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Sígn „Smjagall“ Jónsdóttir (sigyn@monitor.is)

Auglýsingar: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) Forsíða: Ernir Eyjólfsson Grafík: Elín Esther

Myndvinnsla: Hallmar F. Þorvaldsson Útgefandi: Árvakar Prentun: Landsprent Sími: 569-1136

ELDRI KONUR ELSKA, **Í KÖLN** TEKNO

HRADSPURNINGAR

Hvort mynduð þið frekar vilja gefa út lag sem innihéldi saxófónsólu frá Bill Clinton eða rappkafla frá Barack Obama? Saxafónsólu frá Bill Clinton.

Hvort mynduð þið frekar vilja fá að spila á tónleikum með Sinfóníu-hljómsveit Ísland eða Karlakórnum Fóstbræður? Karlakórnum.

Hvort mynduð þið frekar „covera“ Fjöllin hafa vakað eða Garden Party? Garden Party, það væri erfitt að betrubæta coverið af Fjöllin hafa vakað sem færeyska ofurmennið gerði.

Hvort mynduð þið frekar vilja stíga á svið með Emmisjé Gauta eða Júlí Heiðari? Júlía.

Hvort mynduð þið frekar vilja spila á MELT!-hátíðinni eða fá að semja tónlistina fyrir Hollywood-mynd? Það fer eftir því hverjir myndu leika í myndinni.

Rafdúettinn **Captain Fufanu** hefur verið iðinn við að troða upp frá sínu fyrsta giggi árið 2008. Félagarnir spiluðu nýlega á hátíð í Köln sem þeir kalla fæðingarstað teknótónlistar.

Hverjir eru strákarnir á bak við Captain Fufanu? Hrafnkell Flóki Kaktus Einarsson og Guðlaugur Halldór Einarsson. Við kynntumst á listnámsbrautinni í Borgarhóltsskóla. Við vorum báðir að klára þá braut í vor. Gulli er úr Hlíðunum og bjó í Þorlákshöfn þar til hann flutti í bæinn síðasta sumar. Hrafnkell er úr Vesturbænum en flutti seinna meir í Grafarvoginn þar sem hann býr nú.

Hvaða lag með Captain Fufanu á fólk að hlusta á ef það þekkir ekki bandið? Það væri örugglega lagið Unkind og kannski líka remix sem við gerðum af Oculus, Be Forever heitir það. Þau má finna á soundcloud.com/captainfufanu. Það er voða mikil saga á bak við lagið Unkind, hitt er svona meira í þeim dúr sem við spilum þegar við erum að spila á sviði.

Hvernig er að starfa bara tveir saman í hljómsveit? Rífast þið? Við náum voða vel saman, eigum mjög einfalt með að skapa saman og tjá okkur í gegnum tónlistina. Það er sennilega einfaldara að deila þegar við erum tveir, þá er miklu einfaldara að tala hinn aðilann til. Við rífumst ekki neitt.

Hangið þið mikið saman fyrir utan tónlistarsamstarfið? Já, þetta er miklu meira en bara hljómsveit. Það má kalla okkur Fufanu-bræðurna.

Það virðist vera sem það sé líklegt til árangurs að vera dúettar í raftónlist, samanber Daft Punk, Justice og Chemical Brothers. Er þetta

fyrirmyndir Captain Fufanu? Nei, ekki beint. Það er samt alveg rétt að þessar hljómsveitir og til dæmis Booka Shade og „instrumental“-hlutinn af Gusgus, þetta eru allt dúettar. Ég veit samt ekki, þetta virðist bara allt virka býsna vel sem dúettar.

Þið voruð úti í Þýskalandi á dögunum. Hvernig kom það til? Við spiluðum með plötusnúð sem heitir Shumi Okinawa árið 2009 og síðan aftur á Airwaves 2010. Helgina eftir Airwaves þá spiluðum við með honum í Insomnia-hátíðinni í Noregi. Á þessum tíma mynduðum við góð vinatengsl við hann og kunnum virkilega vel að meta tónlistina hans og öfugt. Úti í Noregi stakk hann upp á því að hann kæmi okkur að á hátíð í Köln, C/O Pop. Síðan varð það bara að veruleika.

Hvernig var Köln að fara með ykkur? Það er svo miklu meira skemmtanalíf þarna heldur en í Reykjavík. Þarna er stuð alla daga. Við fórum í bæinn á miðvikudegi og það var alveg æðisleg tónlist alls staðar. Það voru bara allir dansandi við hana og allir skildu tónlistina einhvern veginn. Það voru til dæmis eldri konur þarna að dansa sem elskuðu teknótónlist. Síðan stigmagnaðist þetta bara dag frá degi, þetta hætti ekkert.

Kemur til greina að þið reynið fyrir ykkur af alvöru á Þýskalandsmarkaði? Já, það held ég. Við erum allavega báðir ótrúlega hrifnir af Köln núna og langar að fara þangað aftur.

Mynduð þið þá kalla ykkur Führer Fufanu? Ja, ætli maður þyrfti ekki aðeins að íhuga það.



**SJÁDU CAPTAIN FUFANU
Á FAKTORÝ FÖSTUDAGINN 1. JÚLÍ!**

> **RAKASPRENGJA**
ORKUSKOT FYRIR HÚÐINA!

BIOThERM
HOMME

N°1 Á HEIMSVÍSU Í HÚÐSNYRTIVÖRUM FYRIR HERRA*

HIGH RECHARGE **ENERGY SHOT**

Vantar þig orku? Rakagefandi orkskot fyrir húðina.

- / **STRAX:** rakafyllir og húðin verður samstundis ferskari
- / **KRAFTMIKIÐ:** 7 áhrifarík efni í formúlunni sem virka strax á húðina
- / **ELDFIMT:** sjóðheit nýjung, þunnfljótandi krem sem hverfur inn í húðina á augabragði

www.biothermhomme.com



FYRSTA HELGIN Í JÚLÍ ER VINSÆL TIL FERÐALAGA

ÚTILEGGUHELGIN MIKLA

Monitor tók saman nokkur góð ráð fyrir ferðalanga helgarinnar sem ætla að skella sér í útilegu.

TJALD

Það er kannski augljóst en í útilegu er mjög mikilvægt að hafa með sér tjald til að gista í. Lítil tjöld eru yfirleitt auðveldari í uppsetningu en þau stærri svo byrjendur getu til dæmis keypt sér ódýrt þriggja manna tjald til að lenda ekki í vandræðum. Fyrir lengra komna eru tjöld með svefnálmum algjör snilld ef rigna fer því þá er hægt að sitja inni í fortjaldinu og hafa það notalegt.

Það er komið að því! Um helgina þyrpast Íslendingar á tjaldstæði landsins og gera það besta úr íslenska veðrinu. Það er ekkert sumarlegra en að gista í tjaldi, sitja og syngja útilegulög, borða grillmat og hafa gaman með vinum sínum úti í íslensku náttúrunni. Núna er tíminn. Farðu í útilegu um helgina! Hér er listi yfir það sem þú þarft að taka með þér til að gera upplifunina sem besta. Listinn er alls ekki tæmandi.

ÚTILEGULÖG

SEM ÞÚ ÞARFT AÐ KUNNA

- Stál og hnifur – Bubbi Morthens
- Nína – Stebbi og Eyfi
- Fram á nótt – Nýdönsk
- Lífið er yndislegt – Hreimur
- Wonderwall – Oasis
- Rangur maður – Sólstrandagæjarnir
- Bahama – Ingó og Veðurguðirnir
- Þú komst við hjartað í mér – Hjaltalín
- Sódóma – Sálin hans Jóns míns
- Hjálpaðu mér upp – Nýdönsk
- Rómeó og Júlía – Bubbi Morthens
- Án þín – Sverrir Bergmann
- Don't Stop Believing – Journey

FATNAÐUR

Ullarnærfötin eru nauðsynleg fyrir allar íslenskar útilegur. Klæddu þig í þessi hlýju undirföt og helgin verður frábær. Kuldi kemst ekki að þér og þú getur valsað áhyggjulaus um tjaldstæðið án þess að vera kappklædd/ur í snjógalla eða dúnúlpu. Góð samsetning fyrir útileguna eru ullarnærföt, lopapeysa, þægilegar buxur og góðir ullarsokkar. Aukasokkar hafa aldrei skadað neinn svo Monitor viti til.

GÍTAR

Það er ekki nauðsynlegt að allir taki með sér gítar í útilegu en gott er að ganga úr skugga um að einhver félagi þinna geri það. Af einhverjum ástæðum finnst fólk mjög gaman að syngja í útilegu þegar kvöldi tekur enda fátt skemmtilegra á björtum sumarnóttum. Fáðu gítarleikarann til að læra nokkur góð lög fyrir ferðalagið svo það skapist ekki vandræðaleg þögn eftir tvö lög. Einnig er hægt að nálgast söngbækur með gítargripum á bensínstöðvum.

EINNOTA GRILL

Ekki stoppa á leiðinni og fá þér sjoppuhamburgara, grillaðu þinn eigin úti í miðri náttúrunni á einnota grilli. Grillin eru einföld í notkun og geta líka myndað skemmtilegan miðpunkt á tjaldstæðinu þar sem fólk safnast saman og hefur gaman.

SVEFNPOKI, KODDI OG DÝNA

Góður svefnpoki kemur manni langt í að halda góðum hita í líkamnum yfir nóttina. Flestir vilja einnig taka með sér kotta til að sofa á og svo er þægileg dýna æskileg til að bakið eyðileggist ekki á einni nóttu. Vindsængur eru mjög sniðugar og þægilegar að sofa á en það getur verið mikil þolinmæðisvinna að pumpa í þær. Reyndar er hægt að kaupa uppblásara sem blæs upp vindsængina á nokkrum mínútum en sá er algjör lúxusgræja.

FÁTT ER BETRA EN AÐ NJÓTA NÁTTÚRUNNAR Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP

MATUR

DRYKKUR

Taktu með þér pylsur eða hamburgara og allt tilheyrandi sem þú nennir að hafa með þér. Svo er rosalega gott að eiga eitthvað til að narta í það sem eftir er kvölds eins og til dæmis saltstangir. Drykkir fara eftir hverjum og einum en flestum finnst gott að eiga að minnsta kosti smá appelsínudjús til að fá sér í morgunsárið.





FLUGFÉLAG ÍSLANDS

> flugfelag.is

G! Festival í Færeyjum

Aðeins klukkustundarflug frá Reykjavík



Fljúgðu á **G!** festival í Færeyjum, 14.–16. júlí, ferska og fjöruga útihátíð þar sem músikantar frá öllum heimshornum koma saman. Í ár munu Mugison og Skálmöld troða upp og trylla lýðinn fyrir Íslands hönd.

Komdu í fjörið með frændum okkar og fáðu glænýja tónlist af öllu tagi beint í æð. Allar upplýsingar um G! festival á www.gfestival.com

Pakki 1:

Innifalið:

- Flug til og frá Færeyjum
- Flugvallarskattar

Verð á mann

49.900 kr.

Tilboðið gildir frá 13. - 20. júlí

Bókanlegt á netinu flugfelag.is

Pakki 2:

Innifalið:

- Flug til og frá Færeyjum
- Flugvallarskattar

- Aðgöngumiði á G! Festival (gildir alla dagana)
- Aðgöngumiði á tjaldstæðið í Götu miðvikudag - laugardags
- Gisting á Kerjalón vallaheimi í Þórshöfn á sunnudagskvöldi
- Rútuferðir úr Vágum til Götu og frá Götu til Þórshafnar og frá Þórshöfn til Vágar

Tilboðið gildir frá 13. - 18. júlí

Verð á mann

72.000 kr.

Bókanlegt hjá hópadeild í síma 5703075 eða á netfanginu hopadeild@flugfelag.is



ATLANTIC AIRWAYS

POGS



POGSIN VORU GEYMD Í ÞARTILGERÐUM STAUKUM

BANN Í SKÓLUM

Eftir að pogsæðið hófst á Íslandi fóru krakkar að safna pogsunum í stórum stíl og tóku staukana oftar en ekki með sér í skólann til að pogsa í frímínútum. Skólafyrirvöldum fannst pogsíð trúfla nemendur mikið og jafnvel vera einskonar fjárhættuspil þar sem spilað væri upp á pogs í hverjum leik. Á endanum var pogsíð bannað í skólum hér á landi, sem og til dæmis í Bandaríkjunum, vegna óhemju mikillar útbreiðslu þess.

SLÁÐU TVÖ AÐI Í EINU HÖGGI – POKÉMON POGS!

„Áttu poison-sleggju?“

Leikurinn Pogs var geysivinsæll hér á landi í lok tíunda áratugarins enda virkilega sniðugur leikur hér á ferð. Uppruni pogsins, eða poxins eins og það var yfirleitt kallað hér á landi, er rakinn til Hawaii og hefur verið spilaður af börnum þar frá upphafi 20. aldar.

Hvað eru pogs?

Litlar hringlaga þykkar pappírskífur með myndum á. Þær flottustu eru með glanshúð utan um og til þess að spila pogs þarf líka að eiga eina sleggju.

Hvað eru sleggjur?

Sleggjurnar eru notaðar til að spila leikinn. Þær eru úr plasti eða málm og eru þyngr en pogsin. Poison-sleggjurnar voru það allra heitasta þegar pogsíð yfirtók ungmenni Íslands. Margar þeirra voru með mjög töff myndum af hauskúpum á.



ÞESSI POISON-SLEGGJA ER BANEITRUD

Hvernig spilar maður pogs?

Hægt er að spila leikinn á marga vegu en hér eru nokkrar grunnreglur sem eru sameiginlegar með flestum útgáfum leiksins.

1. Allir leikmenn setja jafnmörg pogs í stafla í miðjuna. Pogsin snúa niður.
2. Leikmenn skiptast á að slá á bunkann með sleggjunni sinni svo hann tvístrist. Þau pogs sem snúast við fær leikmaðurinn að eiga.
3. Þau pogs sem snerust ekki við eru sett aftur í stafla og næsti gerir.

ÞETTA KRÚTTLEGA DÝR GETUR DREPIÐ MED RAFMÖGNUM KINNUM SÍNUM

PIKACHU

Ein aðalpersónan í teiknimyndunum um Pokémon heitir Pikachu og er hér á ferðinni þekktasti Pokémoninn. Pikachu er einnig sá vinsælasti og hefur með tímanum orðið eitt af aðalvörumerkjum japanskrar menningar. Pikachu getur geymt rafmagn í kinnunum sínum og notar það til að skjóta eldingum í bardaga.

AÐI Á ÍSLANDI

Sumir söfnuðu þessu öllu, aðrir létu sér nægja að eiga einn eða tvo Draccokarla. Allir kannast þó við æðin sem tóku yfir Ísland hvert á fætur öðru.

„Gotta catch' em all!“


Japaninn Satoshi Tajiri átti hugmyndina að tölvuleiknum Pokémon sem Nintendo framleiddi fyrir Gameboy árið 1996. Nafnið Pokémon er smíðað úr japönsku orðunum yfir vasaskrímsli, Poketto Monsuta. Leikurinn sló rækilega í gegn og fljótlega var hafin framleiðsla á allskonar vörum tengdum leiknum og persónum hans eins og til dæmis teiknimyndir, teiknimyndablöð og auðvitað spilin frægu sem gerðu allt vitlaust hér á landi í kringum árið 2000.

Flestir, ef ekki allir, sem voru á aldrinum 6-14 ára árið 2000 áttu eða söfnuðu Pokémon í stórum stíl. Algengast var að krakkar skiptust á spilum en margir spiluðu einnig Pokémon-spilið sjálf til að eignast fleiri spil.

Á hverju Pokémon-spili er mynd af persónunni sem það heitir eftir, styrkleikar hennar listaðir upp og stig hennar. Til eru tvær gerðir af flestum Pokémon-persónum, venjuleg og þróaðri. Sumar Pokémon-persónur hafa einnig þriðju útgáfuna sem er einskonar barnapokémon, frumstigið. Til dæmis er Charmander frumstig persónunnar Charmeleon sem seinna þróast í Charizard sem er öflugastur þeirra þriggja.



ASH OG FÉLAGAR Á GÓÐUM DEGI




KRÚTTIÐ CHARMANDER VERÐUR HINN BANEITRADI CHARMELEON OG SÍÐAR HINN ÖGURLEGI CHARIZARD




POKÉMON-DÝRIN KOMA ÚT ÚR SVONA KÚLU

POKÉMON

KÖRFUBOLTAMYNDIR



VERDMÆT MYND AF JORDAN Á GULLÁRUNUM



DÝRSTA KÖRFUBOLTAMYND SÖGUNNAR SELDIST FYRIR RÚMA 219 ÞÚSUND DOLLARA Á UPPBOÐI ÁRÍÐ 2008

„Viltu bítta?“

Á árunum 1992-1996 hófu Íslendingar að safna NBA-körfuboltamyndum í stórum stíl. Körfuboltamyndirnar höfðu verið framleiddar í Bandaríkjunum í marga áratugi en vinsældir þeirra jukust mjög bæði hér á landi sem og vestanhafs á tíunda áratugnum. Myndirnar sýna hina ýmsu körfuboltaleikmenn frá mismunandi tímum í NBA og eru sumar þeirra mjög verðmætar. Ungmenn Íslands fengu algjört æði fyrir myndunum og þú varst ekki maður með mönnum nema þú ættir að minnsta kosti 100 stykki. Sumir gengu langt í söfnuninni og hördustu safnararnir áttu þúsundir mynda á hápunkti æðisins. Árið 1994 opnaði sérstakur markaður í Skeifunni fyrir körfuboltamyndasafnara þar sem myndirnar voru til sölu og hægt var að skiptast á myndum.

ÁTT ÞÚ KÖRFUBOLTAMYNDIR Í KJALLARANUM?

Þeir lesendur sem luma enn á gömlum og góðum körfuboltamyndum ættu að kíkja á Netið því hægt er að selja sumar þeirra fyrir háar fjárhæðir. Það sem safnarar líta mest á þegar myndirnar eru verðlagðar er ástand myndanna, aldur þeirra, hversu sjaldgæfar þær eru og auðvitað hver er á myndinni.

ÞAÐ ÞARF AÐ ÞRÍFA UPP EFTIR ÞETTA DÝR



„Er þitt stelpa eða strákur?“

Upprunalegu tölvugæludýrin nefnast Tamagotchi og voru fyrst framleidd í Japan árið 1996. Síðan þá hafa yfir 76 milljónir slíkra verið seld um heim allan og fjölmörg fyrirtæki hafa framleitt eftirlíkingar. Tölvugæludýrin voru geysivinsæl hjá grunnskólabörnum á Íslandi undir lok síðustu aldar. Sumir áttu mörg gæludýr og höfðu í umsjá sinni hunda, ketti og fugla en flestir létu sér nægja að fæða, svæfa og fara út að ganga með eitt tölvugæludýr.

TAMAGOTCHI-ÁHRIFIN

Sálfræðingar nefndu sérstakt hugtak í sálfræði eftir tölvugæludýrunum vinsælu. Tamagotchi-áhrifin lýsa sér sem tilfinningaleg tengsl manneskju við vélmenni, tölvur eða vélar.

Tölvugæludýrin eru öll svipuð að gerð. Þau eru egglega, með einum skjá og þremur hnöppum sem gera eigandanum kleift að halda lífi í gæludýrinu sínu. Ef eigandinn vanrækir dýrið er hætta á að það láti lífið sem getur verið mikið áfall fyrir samviskusama dýravini. Ef allt fer til fjandans er samt alltaf hægt að ná sér í blýant og endurræsa tölvugæludýrið með því að ýta á þartilgerðan hnapp aftan á því.

TÖLVUGÆLUDÝR



„Hvað ertu með marga í foili?“

Dracco-karlarnir eða Dracco-hausarnir eru litlar plastfígúrir sem urðu fyrst vinsælar í Danmörku. Dracco voru ekki lengi að gera innrás á Íslandi og þeir sem voru orðnir leiðir á að safna Pokémon fengu nýtt æði á silfurfati til að taka ástfóstri við.

Til að eignast fleiri Dracco-karla brugðu margir á það ráð að harka upp á þá, oft í frímínútum. Þá kepptu tveir í einu og lögðu undir ákveðna Dracco-karla sem notaðir voru í harkinu. Harkið virkar þannig að sá sem getur kastað Dracco-karlinum sínum nær tilteknum vegg, sigar og fær Dracco-karl hins leikmannsins að launum. Einfalt og þægilegt.

Flottustu Dracco-karlarnir voru glanshúðaðir eða „í foili“ og þóttu þeir verðmætustu. Oft var harkað upp á foil-karlana en flestir sem eignuðust slíkan tóku aldrei áhættuna á að missa hann.



ÞVI MINNA RISPADIR, ÞVI BETRI ERU DRACCO-KARLARNIR

VONANDI LEYNIST EINHVER Í FOILI Í ÞESSUM POKUM

DRACCO



Frægasta framhjáhald Hollywood

Angelina Jolie og Jennifer Aniston

Það gerist oft í Hollywood að leikarar falli fyrir mótleikkonum sínum og sú var svo sannarlega raunin hjá Brad Pitt og Angelínu Jolie er þau léku saman í kvikmyndinni Mr. & Mrs. Smith. Það var bara eitt vandamál, Brad Pitt var þá giftur Jennifer Aniston. Eftir að hafa neitað sögusögnum um ástarsamband sitt lengi viðurkenndu Pitt og Jolie að hafa átt nán kynni en fullyrtu að ekkert hefði gerst fyrr en eftir skilnað Pitt við Aniston. Mánuðum seinna viðurkenndi Jolie þó að hafa byrjað að sænga með Pitt meðan hann var enn giftur Aniston. Fjölmíðlar æstust mjög við þessar fréttir og fékk Aniston aragrúa af spurningum í kjölfarið um líðan sína eftir allt vesenið. Hún opnaði sig loks í viðtali við Vanity Fair þar sem hún lét í ljós tilfinningar sínar til Jolie. Í viðtalinu var hún til dæmis spurð út í viðtal þar sem Jolie sagðist hafa verið yfir sig spennit á hverjum degi að hitta Pitt við tókur á Mr. & Mrs. Smith. Aniston sagði að á þeim tíma hafi hún ekki vitað mikið um framhjáhaldið og því hafi slíkar yfirlýsingar frá Jolie verið óþarflega harkalegar. Í dag segist Aniston þó vera sátt við Jolie en þær séu þó langt frá því að vera vinkonur.



Deilur fræga fólksins

Stjörnumar fara líka að rífast eins og venjulegt fólk en oft og tíðum vilja rifrildi þeirra rata í fjölmíðla. Hér eru nokkur fræg rifrildi úr bransanum.

Enginn abbastr upp á Tom Cruise

Tom Cruise og South Park

Tom Cruise tekur sjálfan sig aðeins of alvarlega miðað við aðgerðir hans eftir að gert var grín að leikaranum í South Park. Þættirnir hafa tekið næstum allt frægt fólk fyrir í gegnum tíðina og þykir yfirleitt ekki tiltökumál að birtast í teiknimyndunum kaldhæðnu. Árið 2005 var þátturinn Trapped In A Closet sýndur og var þar til dæmis vísað í sögusagnir þess efnis að Cruise sé samkynhneigður en þær hafa fylgt honum lengi. Einnig var gert grín að þátttöku hans í Vísindakirkjunni og var leikarinn John Travolta sem er líka meðlimur í kirkjunni tekinn fyrir í þættinum. Cruise hótaði sjónvarpsstöðinni sem ákvað þá að sýna þáttinn aftur til að svara fyrir sig og allt fór í háalof. Um tíma leit út fyrir að hætta þyrfti framleiðslu á South Park en svo varð ekki.



ÞAD ABBAST ENGINN UPP Á TOM CRUISE

Voru þau saman eða ekki?

Eminem og Mariah Carey

Hann segir þau hafa verið kærustupar, hún segir ekki. Í laginu Superman sem Eminem gaf út árið 2002 kemur fyrir textabrotið „Hvað ertu að reyna að vera? Nýja eiginkonan mín? Þú Mariah?“ og á rapparinn þá við Carey sem hann hatar innilega eftir að hún niðurlægði hann með því að neita meintu ástarsambandi þeirra. Fleiri textabrot beindust að Carey á plötunni The Eminem Show en Carey hélt þó áfram að neita sambandinu. Árið 2003 gerði Carey grín að Eminem í spjallþætti Larry King og sagði fátíðni af honum að halda að þau gætu nokkurn tímann orðið þar. Einnig gerði hún lítið úr rapparanum á tónleikaferðalagi sínu sama ár. Árið 2005 spilaði Eminem upptökur af símsvaranum sínum á tónleikum. Þar heyrðist kvenmannsrödd sem hann sagði vera Carey og svona hefur þetta haldið áfram alveg síðan. Vonandi lætur Eminem hana samt í friði núna þar sem hún er nýgift og nýbökud móðir.



MARIAH HEFUR SENNILEGA EKKI NEFNT BARN SITT Í HÖFUÐIÐ Á EMINEM

„Þú ert feitt svín!“

Donald Trump og Rosie O'Donnell

Móðganir flugu milli þeirra Rosie O'Donnell og Donald Trump eftir að rifrildi hófst milli þeirra vegna feðurarsamkeppninnar Miss USA árið 2006. Donald Trump á keppnina og eftir að hafa krýnt Tara Conner birtust svæsnar myndir af feðurardísinni á Netinu. Trump ákvað þá að svipta hana titlinum og O'Donnell var ekki þar sátt með ákvörðun hans. Leikkonan skapstóra lét skoðanir sínar í ljós í beinni útsendingu þáttarins The View og sagði það vera hræsnir af Trump að svipta Conner titlinum. Eftir þáttinn var Trump spurður út í athugasemdir O'Donnell og þá hófst rifrildið með kjafti og klóm. „Þú ert fífl!“ lét O'Donnell hafa eftir sér og Trump var ekki lengi að svara fyrir sig í fjölmíðlum. „Þú ert feitt svín!“ sagði hann við leikkonuna.



DONALD TRUMPADIST ALVEG ÚT Í O'DONNELL

Efni í baneitruð slagsmál

Madonna og Courtney Love

Á tónlistarverðlaunahátíð MTV árið 1995 var Madonna í viðtali í beinni útsendingu þegar Courtney Love kastaði málningardótinu sínu í hana. Atriðið vakti mikla athygli og mikill ófriður hefur verið milli söngkvennanna síðan. „Courtney Love þarf greinilega á einhverri athygli að halda núna,“ sagði Madonna eftir atvikið og benti á að Love ætti að fara að hætta í eiturlyfjunum. Árin hafa liðið en skvísurnar tvær eru greinilega enn ósáttar þar sem Courtney Love tísti um Madonna á Twitter-síðu sína á síðasta ári. „Madonna er góð í viðskiptum en hún er lélegur listamaður og við vitum það öll. Þetta er brandari.“



ENGIN ÁST MILLI MADONNU OG LOVE

www.opticalstudio.is



Ray-Ban[®] ...ný sending

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK



■ ■ Ég man til dæmis að textabrotið: „Ég vil ekki vera svona,“ þar sem „svona“ var teygt yfir mörg atkvæði þótti eitthvað skrýtin textasmíð.

viðtalið

Langt milli Billans og Barcelona

Árið 2003 var önnur hver íslensk stelpa með fléttur í hárinu þökk sé **Birgittu Haukdal**. Átta árum síðar, eftir brúðkaup og barneignir, hyggst hún snúa aftur með sólóplötu. Birgitta rifjar upp Írafárið og segir frá nýju plötunni og flutningum sínum til Barcelona.

Texti: Einar Lövdahl Gunnlaugsson
Myndir: Ernir Eyjólfsson

einar@monitor.is
ernir@mbl.is

Birgitta Haukdal er ein vinsælasta söngkona Íslands-sögunnar. Hún steig sín fyrstu alvöruskref í tónlistinni sextán ára gömul í vinsælli ABBA-sýningu en segir að ævintýrið með strákunum í Írafár hafi byrjað alveg óvart. Frá því að Írafár tók sér hlé um miðjan síðasta áratug gekk hún í hjónaband og eignaðist son sem hún segir vera mesta, besta og erfiðasta starf í heiminum. Undanfarin fjögur ár hefur hún verið í söngkennaranámi í Danmörku en hún útskrifaðist einmitt sem slíkur um þarsíðustu helgi.

Birgittudúkkann kom út í kringum gullaldarskeið Írafárs. Hvernig er að vera eina íslenska poppstjarnan sem hefur verið framleidd sem dúkka?

Það er alveg snilld. Þetta er búið að vera brandari frá því að ég fékk símtalið um hvort það mætti framleiða svona dúkku. Mér finnst þetta bara hrikalega fyndið og ég hugsaði það einmitt hvað það væri mikil snilld, þegar ég verð komin með mína lagningu í hárið og orðin krumpuð bolluamma, að geta sótt Birgittudúkkuna og sýnt barnabörnunum. Það verður alveg magnað. Þá verð ég örugglega alveg ótrúlega ánægð hvernig hún lítur út.

Hún kom út rétt fyrir jól. Hvað gafstu mörgum þessa dúkku í jólagjöf?

Ég verð nú að viðurkenna að ég gaf ábyggilega fjórar dúkkur, bara svona nánustu litlu frænkunum. En síðan á ég sjálf fimm dúkkur í bílskúrnum sem bíða betri tíma.

Hvers saknar þú mest við þetta gullaldarskeið?

Strákanna minna í bandinu. Á þeim tíma hittumst við upp á hvern einasta dag og vorum bara alltaf saman eins og fjölskylda. Í dag hittumst við alveg í kaffi, förum út að borða og svona en bara alltof sjaldan. Ég væri til í að hafa þá bara alltaf hjá mér og búa saman í raðhúsi.

Hvernig var að vera eina stelpa í bandinu?

Það var ótrúlega gaman. Við fórum oft í langa tónleikatúra og það var hrikalega fyndið að vera ekki bara með fjórum strákum úr hljómsveitinni heldur var líka bílstjóri, rötari, ljósamaður og hljóðmaður – þetta voru allt karlmenn. Ég fékk að kynnast strákaheiminum betur og varð svolítið gaur sjálf. Meira að segja þegar þeir voru steggjáðir þá vildu þeir að ég yrði með, af því að ég var bara svona ein af strákunum, en ég gerði það nú ekki. Ég verð að viðurkenna að það var reyndar mjög oft súr lykt og margir úldnir og miklir aulabrandarar í gangi.

Hvert er eftirminnlegasta gígg Írafárs?

Það var ógeðslega gaman þegar platan Írafár kom út, þriðja platan, þá fórum við tónleikatúr út um allt land og vorum að spila í stærstu og flottustu húsunum á landinu. Það var æðislegur tími sem tónlistarmaður að fá að upplifa það að halda tónleika og taka bara þín lög og fólk situr og hlustar. Þú ert bara að hugsa um tónlistina en ekki að láta alla dansa. Það var allt önnur hlið og ótrúlega gaman. Sveitaballabransinn og tónleikabransinn, þetta er bæði skemmtilegt en mjög ólíkt. Annars er svo margt að ég gæti talið endalaust upp.

Hvað er það klikkaðasta sem hefur komið fyrir þig á sviði?

Það brotnuðu í mér framtenurnar svo ég leit út eins og Björggi Halldórs í tvo mánuði. Sem betur fer eru ekki til neinar myndir frá þessu tímabili. Það kom sem sagt

YFIRHEYRSLAN

Fyrstu sex: 280779

Uppáhaldsstaður í heiminum: Hljóðaklettur, Húsavík og París.

Uppáhaldsmatur: Sushi og sashimi.

Uppáhaldstónlistarmaður: Ofsalega erfitt að gera upp á milli en ég varð „starstruck-ed“ þegar ég sá Andrea Bocelli og það segir manni nú eitthvað.

Uppáhalds Írafár-lag: Það breytist ár frá ári og í dag er það Allt sem ég sé.



stelpa upp á svið þegar ég var að syngja og var eitthvað að dansa með. Svo sló hún í mikrófóninn og hann braut í mér framtenurnar svo ég söng það ball með tárin í augunum. Það er nefnilega virkilega sársaukafullt þegar svona stór hluti af framtönnunum brotnar. Eftir ballið hljóp ég upp í búningsherbergi, brosti og hreinlega æpti. Önnur eftirminnleg saga er frá Akureyri þegar ég missti röddina og þurfti að óska heilt ball með engri rödd. Það er ein versta tilfinning sem ég hef upplifað uppi á sviði, að standa og geta ekki sungið en þurfa að klára þína þrjá tíma. Fólk úti í sal hugsaði ábyggilega bara: „Hva, mikið er þetta léleg söngkona.“ Það var mjög óþægilegt.

Hvað græddir þú helst á öllu þessu Írafári?

Maður þroskaðist ofsalega mikið í tónlist og þetta var auðvitað bara skóli líka. Maður lærði helling af því að vera alltaf að prófa nýja hluti og hitta nýtt fólk. Eins með vináttuna, þarna eignaðist maður vini sem eru orðnir að minni fjölskyldu og munu alltaf eiga stóran stað í hjarta mínu.

Poppstjörnulífið var þó varla alltaf dans á rósum.

Lentir þú í einhverju veseni?

Þetta er náttúrulega svona hringiða sem maður velur sér svolítið sjálfur. Þú ferð ekkert í popphljómsveit þar sem þú spilar út um allt land ef þig langar síðan bara að vera heima og fela þig. Ef það voru einhverjar kjaftasögur þá var það bara hluti af þessu. Það var samt ofboðslega fyndið þegar maður var meðvitað farin að klæða sig niður og svona til að vera ekki stoppaður af einhverjum ókunnugum úti á götu. Það er asnalegt að segja frá þessu, en stundum gerði maður þetta ef maður var ótrúlega myglaður að skjótast út í búð á sunnudagsmorgni. Það er auðvitað alls konar ruglað lið sem sogast að fólk sem er mikið í fjölmiðlum og svona. Ég lenti í nokkrum einstaklingum sem eru ekki alveg heilir á geði og ég þurfti að fá hjálp til að koma þeim í burtu, ég viðurkenni það alveg.

Hlærðu að einhverju af því í dag?

Ég er með eina súra sögu. Ég pantaði mér oft pítsu frá sama fyrirtækinu, til dæmis á sunnudagsmorgni eftir langt gígg kvöldið áður. Oft var það sami sendillinn sem kom með matinn en maður var svo sem ekkert að spjalla við hann heldur bara borgaði. Einn daginn þá bankar þessi sendill hins vegar bara upp á hjá mér og er að kíkja í heimsókn með systur sína. Hann var ekki á vakt eða neitt, bara mættur í heimsókn. Ég bauð þeim nú samt ekki inn (hlær).

Hefur fastastill þinn haldist óbreyttur frá gullaldartíma bandsins?

Hvað heldur þú? Nei, nei, en ég hef alltaf verið svolítið kamelljón. Ég elska að prófa nýja stíla, ég klæði mig ekkert upp í svart og læðist upp með veggjum. Ég er ljón og óttalega glysgjörn og fer bara í það sem mér finnst töff. Ég hef aldrei verið hrædd við hvað öðrum finnst, það er bara minn karakter.

Það var oft talað um að þú værir að púlla indjána-týpuna. Var þessi týpa útpæld?

Nei, alls ekki. Ég er náttúrulega bara dökkhærð með brún augu og dökka húð og var oft með fléttur. Svo var maður í loðstígvélum, en ég hef nú reyndar ekki séð marga indjána í loðstígvélum. Þetta gerðist alveg óvart. Ég var með sitt hár og þá er maður mjög lengi að hafa sig til. Hins vegar tók mig þrjár mínútur að setja tvær fléttur þannig að þetta var í raun bara praktík. Ég vaknaði, setti í tvær fléttur og svo bara út. Ég gat spilað heilu böllin án þess að hárið færi allt upp í loftið. Svo fannst mér þetta líka bara töff.

Varstu ekki farin að sjá litlar stelpur herma eftir þér úti um allan bæ?

Ég sá nú örugglega minnst af því en jú, jú, ég viðurkenni það að það var fyndið að hitta litlar dömur í „gallanum mínum“.

Þú varst átrúnaðargoð margra stelpna hér á landi. Hvernig tilfinning er það?

Það er bara skrytið að hugsa til þess en þetta var í raun bara yndislegt og ég vona að ég hafi verið góð fyrirmynd. Mér finnst reyndar mjög fyndið, það voru til svona Írafár-aðdáendaklúbbar, hópar sem komu alltaf þar sem við vorum og maður þekkti andlitin og nöfnin á mörgum. Í dag sé ég þessar stelpur niðri í bæ og þetta eru bara orðnar gullfallegar konur og ég hugsa: „Eru þetta litlu stelpurnar sem voru að elta Írafár?“ Þær eru orðnar algjörar gellur í dag. Það er eiginlega skrytnast, er virkilega liðið svona langt síðan?

Þú lékst í Grease og einhverjum auglýsingum.

Hugðist þú aldrei leggja leiklistina fyrir þig?

Mér fannst ofsalega gaman að leika og það var æðislegur tími. Ég gæti alveg hugsað mér að leika meira en ég myndi aldrei vilja fara alla leið út í leiklistina, ástríðan liggur í tónlistinni.

Hvernig var samt rígurinn á sveitaballamarkaðnum? Hataðir þú Skítamóral og Buttercup?

Nei, ég átti náttúrulega kærasta sem var bæði í Írafár og Skítamóral þannig að það var mjög góður mórall þar á milli, enginn skítamóral. Svo voru strákarnir í Á móti sólfarsalega góðir vinir okkar, þannig nei. Við vorum alltaf bara ótrúlega lígeglað. Auðvitað heyrði maður oft sögur um einhverja samkeppni en aldrei af okkar hálfu.

Ég lenti í nokkrum einstaklingum sem eru ekki alveg heilir á geði og ég þurfti að fá hjálp til að koma þeim í burtu, ég viðurkenni það alveg.

Þú lékst nú líka í Ávaxtakörfunni. Þú hefur kannski bara haldið boðskap hennar á lofti í sveitaballabransanum, að allir eigi að vera vinir?

Já, en ekki hvað?

Þegar þú byrjaðir í Írafár, mundu þá strákarnir eftir þér frá því þú varst Séð og heyrst-stúlkan?

Alveg pottþétt, hver man ekki eftir því? Mér finnst það nú ólíklegt, en takk kærlega fyrir að minnst á það!

Hvernig kom það til?

Þegar það gerðist var ég sextán ára og bjó á Ísafirði og einhver ljósmyndari spyr hvort

hann megji taka myndir af mér. Sextán ára stelpa var auðvitað upp með sér. Við tókum einhverjar nokkrar myndir og hann lofaði því að ég myndi síðan velja lokamyndina. Ég valdi síðan þessa flottu mynd þar sem ég stóð í gallabuxum og gulum bol í svona lúpínuhafi. Svo fór ég til Mallorca og fékk símhringingu. Þá var mér sagt að það hefði verið birt mynd af mér þar sem ég lá í einhverjum bláum kjól og þú getur ímyndað þér að ég var ekki kát. Í dag get ég hlegið en á þessum tíma var ég ekki ánægð, þessi mynd átti aldrei að fara neitt.

Hvernig var Eurovision-ævintýrið?

Það var alveg æðislegt. Bara eins og allir segja sem hafa farið út í þetta, maður fer inn í einhvern heim þannig að maður upplifir svölitið hvernig er að vera stjarna í hinum stóra heimi. Það er ansi mikið meira en á Íslandi. Það voru því lík forréttindi fyrir mér að fá að syngja fyrir þjóðina og finna að þjóðin stóð á bak við mann. Ég man að ég tók þetta alvarlega og var ofsalega stolt.

Þegar þú varst búinn að vera vinsælasta söngkona landsins í dágóðan tíma, var þá ekki farið að kitla að hefja útrás? Eða stóð það kannski til?

Írafár var oft beðin um að taka upp lögin á ensku og við ræddum það mikið en svo var bara engin spenna fyrir því. Við komum okkur aldrei af stað, vorum bara á fullu hérna heima og hugurinn okkar var einhvern veginn ekkert úti. Við vorum bara ánægð með okkar hluti heima.

Hvenær hefur Birgitta Haukdal orðið „starstrucked“ í návist einhvers?

Ég fór á Andrea Bocelli tónleika í Egilshöll og þá bara missti ég hnén. Hann hefur eitthvað sem ég get ekki útskýrt og það nægir að horfa á DVD-tónleika með honum og þá er ég bara nett ástfangin af manninum. Síðan fór ég til Vegas fyrir tveim mánuðum síðan og sá Celine Dion á tónleikum. Ég hef aldrei verið brjálaður aðdáandi hennar en auðvitað hafði maður heyrt öll lögin. Þetta voru litlir tónleikar þannig að maður sat nálægt henni og þá fann ég fyrir einhverri svona lotningu. Þarna var einhver gyðja á ferð.

Á sínum tíma var oft gert grín að textum

sveitaballapoppisins. Hvað finnst þér sjálfri um textana ykkar þegar þú hugsar til baka? Mér finnst margir mjög flottir sem ég er ánægð með en mér finnst aðrir mjög fyndnir. Ég get ekki verið óánægð með neinn því þetta eru bara börn síns tíma. Ég man til dæmis að textabrotið: „Ég vil ekki vera svona,“ þar sem „svona“ var teygt yfir mörg atkvæði þótti eitthvað skrytinn textasmíð. Svo hlustar maður á texta í dag hjá íslenskum poppurum og þar eru brotnar miklu fleiri reglur en við brutum (hlær).

Kannstu á hljóðfæri?

Ég lærði á þverflautu í tíu ár en dreg hana sjaldan fram. Síðan glamra ég á pianó og gítar, og þá meina ég að ég get samið á þau en myndi ekkert spila á tónleikum á þessi hljóðfæri.

Þú ert núna að gefa út nýja plötu í haust. Við hverju má fólk búast?

Að henni koma flottir íslenskir lagahöfundar sem eru bæði þekktir og minna þekktir og svo sem ég líka nokkur lög sjálf. Þorvaldur Bjarni pródúserar og tekur þetta upp með mér. Sólóplatan sem ég gaf út síðast var kannski svölitið krúttleg kortaljósaplata en þessi verður ekki svölleiðis. Þetta er kraftballöðuplata. Þetta eru tiltölulega róleg lög en þau eru stór og við erum að leika okkur með fullt af skemmtilegum hljóðum og hljóðfærum.

Nýja lagið þitt, Lífið í lit, er komið í spilun.

Hvernig er tilfinningin að gefa út lag aftur?

Hún er ofsalega góð en í leiðinni skrytinn. Ég fór náttúrlega alveg út úr bransanum, fór í nám og eignaðist barn og hafði aldrei tekið svona langa pásu áður. Núna, með því að koma með lag og leyfa fólki að heyra, þá finnst ég að ég fæ kitl í magann, það örklar fyrir smá stressi.

Ný plata og söngkennaranám. Er þetta hluti af einhverju stóru plani, kannski magnaðri endurkomu?

Nei, ég er nú ekki svo klár í að plana fram í tímann. En ef þú ert að tala um endurkomu Írafárs, þá er aldrei að vita nema að það gerist eitthvað þar. Ég trúi því að Írafár eigi eftir að koma saman aftur en hvort það gerist á þessu ári eða eftir fimm, það kemur í ljós. Ég hugsa að við færum samt ekkert að gera það nákvæmlega sama og áður, færum aldrei í sveitaballa-bransann aftur.

Nú ertu að fara að setjast að í sólinni í Barcelona. Hvað kemur til?

Við erum að flytja núna í ágúst af því að maðurinn minn er að fara í MBA nám. Við fjölskyldan ætlum að dvelja þar í tvö ár en ég verð náttúrlega á flugi fram og til baka að klára plötuna og fylgja henni eftir. En eftir áramót sé ég fyrir mér að við verðum bara alveg í Barcelona og ég ætla bara í spænskuskóla og byrja á því að ná tungumálinu.

Ertu byrjuð að undirbúa spænskuna?

Ég fór í fyrsta skipti til Barcelona bara núna fyrir tveimur vikum að finna mér íbúð. Ég kann svona fjórar setningar, get talið upp á tíu þannig að ég er byrjuð að undirbúa mig (hlær). Það er svona nýtt orð á hverjum degi, ég er að reyna við það.

Í fríinu frá bransanum eignaðist þú strák.

Syngur guttinn þinn?

Ég er ekki búin að ala það upp í honum, ég veit að það halda það örugglega allir, en hann er allan sólarhringinn með kassagítar að syngja. Hann byrjaði á því þegar hann var varla farinn að labba. Hann syngur ekkert endilega með barnalögum mömmu sinnar en það eru ýmis svona strákalög, rosa karlmannleg.

Þú ólst sjálf upp á Húsavík. Þig hefur ekkert

langað að ala strákinn upp þar? Ég sagði það í mörg ár, að ég ætlaði í bæinn en svo myndi ég flytja aftur út á land þegar ég eignaðist börn. Svo er ég búin að eiga heima hérna síðan '98 þannig að borgin er orðin miklu meira heimili fyrir mig en Húsavík. Ég held að ég eigi aldrei eftir að flytja til Húsavíkur aftur en við erum dugleg að fara þangað á sumrin og veturna.

Hvernig var að vera unglingur á Húsavík?

Það var mikil íþróttamening þar. Maður var í öllum íþróttum, ég var í handbolta, fótbolta, fimleikum og svo prófaði maður blak í eitt ár, badminton í annað. Ég prófaði líka öll hljóðfærin í tónlistarskólanum. Auðvitað voru líka einhver diskóteik, maður hitti krakkana og fór á rúntinn, alltaf sama hringinn og hékk á Billanum sem var svona vídjóleigusjoppa með spilakössum. Það var mjög kúl.

Í þjóðskrá ertu skráð sem Birgitta Haukdal Brynjarsdóttir. Er pabbi þinn ekkert svekktur að þú sért alltaf kölluð Birgitta Haukdal en ekki Birgitta Brynjars?

Nei, ég hef alltaf verið svo lík honum og hann fékk að heyra það í svo mörg ár að ég væri alveg eins og hann þannig að ég held að hann sé bara sáttur. Ég hef nú reyndar aldrei spurt hann að því. En þegar maður kemur frá svona litlum stað, þá vita allir að maður er dóttir Binna Víkings.



HRAÐASPURNINGAR

Dóttir bestu vinkonu þinnar á eins árs afmæli. Hvort myndirðu frekar gefa henni barnaplötuna Perlu eða Birgittu-dúkkuna? Plötuna Perlu, ekki spurning. Eins árs barn kann ekkert að leika sér með svona dúkku en maður er aldrei of ungur fyrir góða tónlist.



Sonur þinn er að fermast og segir að eina gjöfin sem hann vilji fá sé að þú syngir í veislunni. Hvaða lag myndir þú taka? Mér þetta nú mjög fyndið en myndi að sjálfsgöðu leyfa honum að velja lagið. Ætli hann myndi ekki láta mömmu sína rokka feitt í einhverju rokklagi og Gitta rokk færri sko auðveldlega með það.

Hvert væri draumagiggjó? Mér finnst ég hafa upplifað ansi mörg draumagigg en ætli það yrði þá ekki eitthvað sem ég hef aldrei prófað. Já, ég er komin með þetta – Írafár, Karlakórinn Hreimur og Símfó. Uss, þetta er rosalegt.



Garðabær eða Húsavík? Hahaha, Barcelona it is.

Írafár eða Stuðmenn? Auðvitað Írafár en það er stuð með Stuðmönnum.



Sálfræði

Sérniðin þjónusta fyrir allar *tegundir* námsmanna.
Námsmenn okkar fá betri *kjör* og *meiri* fríðindi.

Nánari upplýsingar um Námsmannþjónustu Arion banka fást hjá
þjónusturáðgjöfum í útibúum okkar og á arionbanki.is eða í síma 444 7000.

 Arion banki



2005 INDIANA JONES
MÆTTUR Á SVÆÐIÐ



2006 VIÐ ÚTSKRIFT VILLA
ÚR HERSKÓLA



2006 LOÐHATTUR HELDUR
HITA Á KÖTU



2006 Í BRÚÐKAUPI
Í FJADRASTUÐI



2008 ÞESSI ER EITTHVAÐ
FURÐULEGUR

KATA OG HATTARNIR

Breska aðalsfólkið elskar hattana sína og notar hvert tækifæri til að mæta með einn slíkan á fjölmenna viðburði. Hér má sjá **Kötu hertoga-ynju** með hattana sína í gegnum árin.



2009 Í BRÚÐKAUPI
MJÖG SMART



2010 KATA FÍLAR
SKÁHATTA



2010 ÞESSI TELST VARLA
SEM HEILL HATTUR



2010 RAUÐ OG
SETTLEG



2011 DEILA MÁ UM HVORT SÉ Á
FERÐINI HÚFA EÐA HATTUR

Róandi og húðin verður glóandi!

Prófaðu þessa yndislegu sesamolíumeðferð næst þegar þú hefur smá tíma fyrir sjálfa þig.

Sesamolían undirbúin

Innihald:

1 tsk. lífrænt ræktauð kaldpressuð sesamolía (ekki þessi brennda kínverska) vatn í potti

Leiðbeiningar:

Helltu olíunni í pottinn með vatninu og hitaðu hana upp. Fylgjast þarf grannt með því olían hitnar fljótt. Þegar vatnið fer að poppa ofan á olíunni tekurðu hana af hitanum, kælir aðeins og hellir í glerflösku með pumpu. Þá hafa orðið efnahvörf í olíunni og hún tilbúin til notkunar næsta mánuðinn eða svo. Ef þú átt eitthvað

eftir af henni að þeim tíma liðnum getur þú hitað hana aftur upp.

Sesamolíuslökun

1. Berðu olíuna á allan líkamann og andlitið.
2. Skelltu þér í slopp og láttu olíuna bíða á húðinni í tíu mínútur.
3. Farðu í volga sturtu en ekki þvo olíuna af með sápu.

Að þessu loknu ættir þú að vera með glansandi fallega húð og afslappaðri en teiknimyndakötturinn Grettir á góðum degi.



**Cocoa
Puffs**

**Gemmer
Cocoa Puffs!**





SKRÍTNASTA

Ég rakst á þetta vesti á útsölu í Bandaríkjunum og hugsaði: „Já kúl, ég mun pottþétt nota þetta einhvern tímann“. Þegar ég sýndi kærasta mínum vesti spurði hann mig hvort ég ætlaði að gerast indíáni. Ég tók því mjög bókstaflega og mun líklega ekki nota þetta vesti í nánustu framtíð, þetta var djörf ákvörðun.

ELSTA

Ég er nokkuð dugleg að losa mig við flikur sem ég nota ekki eða hafa hreinlega verið ofnotaðar. Þess vegna er mín elsta flik, flik sem ég tímdi ekki að henda vegna sambands af húmor og tilfinningagildi. Ég dansaði nefnilega með Basshunter á sínum tíma þegar hann kom til landsins og mér finnst það mjög fyndið. Það er óspart gert grín að þessu í vínahópnum en ég veit að ég mun hafa gaman að þessu, meira að segja þegar ég verð gömul.



Tímir ekki að henda Basshunter-bólnum

Steinunn Edda stökk aftur til fortíðar um daginn og keypti sér hvítar buxur til að rifja upp hversu gaman var að vera massaskinka. Hún leyfði **Stílnum** að kíkja í fataskápin sinn.

Steinunn Edda Steingrimsdóttir er tvítugur blaðamaður sem skrifar hin alræmdu Skvísu-ráð á Pressunni. Þessa dagana er Steinunn Edda að vinna á fullu og segist einnig hafa eytt undanförunum dögum í óþreyju-fulla bið. „Guðný vinkona mín býr í Mílanó og hennar er sárt saknað! Ég bið spennt eftir að hún komi heim,“ segir Steinunn Edda sem er skvísa með meiru.

fataskápurinn

Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum í fimm orðum? Uppá síðkastið mjög svo litríkur.

Hver er uppáhaldshönnuðurinn þinn? Ég er alls ekkert merkjafrík en ég verð að segja Steve Madden og Jeffrey Campbell. Ég er voðalega hrifin af skónum þeirra þó svo að ég kaupi mér aldrei þar. Mamma segir að ég sé svo mikill skóböðull að það myndi hreinlega ekki borga sig.

Hversu mörg skópör átt þú? Ég á 16 skópör allt í allt. Ég nota samt líklega bara svona þrjú pör af einhverju viti en tími voðalega sjaldan að losa mig við skóna mína.

Ef þú yrðir að fá þér tattú, hvað myndur þú fá þér og hvar? Ef ég bókstaflega yrði að fá mér tattú myndi ég líklega fá mér stafinn S með fallegri skrautskrift einhvers staðar á hægri úlnliðinn.

Hvaða flik er ómissandi fyrir útleigurnar í sumar? Flik í skærum lit eða falleg og góð Cintamani-peysa, helst í einhverjum æðislegum lit. Kóngablá Jónínu-peysa er efst á mínum óskalista í augnablikinu, er meira að segja á biðlista!



DÝRSTA

Ætlið það sé ekki 66° Norður úlpan mín. Hún kostaði sitt en hefur klárlega borgað sig upp í notkun. Hún er svo hlý að ég gæti bókstaflega farið út í henni einni klæða og yrði samt heitt.

FLOTTASTA

Það er örugglega þessi brjáláði palliöttukjól sem ég keypti á útsölu í Kultur fyrir fjórum árum. Ég var ótrúlega ánægð með hann og notaði hann tvenn áramót í röð. Núna skelli ég mér oft í hann þegar ég veit ekkert í hverju ég á að vera og langar að vera „fabulous“, hann er rosalega mikill glamúr kjóll.



ÞÆGILEGASTA

Ég myndi segja að þægilegasta flikin mín sé svartur samfestingur sem ég keypti í Washington í vinnuferð. Hann er úr H&M og hann er svona flik sem er alltaf hægt að fara í ef maður finnur ekkert annað og hann er einstaklega klæðilegur!



NÝJASTA

Ég ákvað að hverfa aftur til fortíðar og rifja upp hvað það var gaman að vera massaskinka og keypti mér hvítar buxur á dögnum. Það sem breytist þó milli ára að ég mun án efa ekki nota hlébarðamynstur óspart við heldur reyna að vera aðeins smekklegr. Ég keypti þær í Zöru og finnst gaman að nota þær í sumarstemningu við flotta liti eins og appelsínugulan eða bleikan.



BESTA

Besta flikin mín er líklega sú flik sem ég væri til í að vera alltaf í! Það er ótrúlega fallegur, bleikur samfestingur sem ég keypti í H&M. Hann er plíseraður að neðan svo að hann lítur út eins og kjóll þegar ég er í honum. Hann er ótrúlega klæðilegur og í æðislegum lit.



Myndir/Eggert

SAMSUNG

– bregst ekki aðdæendum sínum

VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR Í NÍU MÁNUÐI

Myndavélar frá SAMSUNG eru komnar á verðlaunapall



EX1

SAMSUNG · EC-EX1ZZBPB

10 milljón pixlar · 3" hreyfanlegur AMOLED Skjár · Smart Auto sjálfvirk stilling · *Scneider Kreuznach* linsa **F: 1.8**, 24mm víðlina · Innbyggt flass · ISO: Auto, 64, 100, 200, 400, 800, 1600, 3200 (upp í 5M), 6400 (upp í 3M) · Notar RAW, JPEG, EXIF, DPOF og PictBridge skráarsnið · Notar SD og SDHC minniskort · Lithium rafhlaða og hleðslutæki fylgir · Hristivörn (DIS og OIS innbyggt) – VERÐ: 79.900,- KR



EISA verðlaun í október 2010. SAMSUNG EX1 er valin **BESTA MYNDAVÉLIN** 2010/2011 í flokknum „Advanced Compact Camera“



SAMSUNG NX-100 er valin **BESTA MYNDAVÉLIN** af samtökum áhuga ljósmyndara árið 2011 og einnig **BEST HANNAÐA VÉLIN**

SAMSUNG · NX100 EV-NX100ZBABDE

15.1 milljón pixlar · 3" (7.62cm) AMOLED Skjár · *i-Fn* hnappur á lisnu · Face Detection, fyrir góðar andlitsmyndir · ISO: Auto, 64, 100, 200, 400, 800, 1600, 3200(upp í 5M), 6400(upp í 3M) · Notar RAW, JPEG, EXIF, DPOF og PictBridge skráarsnið · Tekur upp 720p (30fps & 15fps) Myndbönd (H.264) · Notar SD og SDHC minniskort · Lithium rafhlaða og hleðslutæki fylgir · Hristivörn (DIS og OIS innbyggt) · CMOS Sensor · Líftími hleðslu 210mín/420 myndir · Þyngd: 340g með rafhlöðu · Litir Hvít og svört – VERÐ: 99.900,- KR



NX100



NX11

SAMSUNG · NX11ZZBAB

14.6 milljón pixlar · 3" (7.62cm) AMOLED Skjár · *i-Fn* hnappur á lisnu · Face Detection, fyrir góðar andlitsmyndir · Innbyggt flass · ISO: Auto, 64, 100, 200, 400, 800, 1600, 3200(upp í 5M), 6400(upp í 3M) · Notar RAW, JPEG, EXIF, DPOF og PictBridge skráarsnið · Tekur upp 720p (30fps & 15fps) Myndbönd (H.264) · Notar SD og SDHC minniskort · Lithium rafhlaða og hleðslutæki fylgir · Hristivörn (DIS og OIS innbyggt) · CMOS Sensor · Samsung NX Mount Linsa 18 x 55 · 28mm wide angle Samsvarar 35mm linsu í filmuvél · 123x87x39.8mm · Þyngd 353g (án rafhlöðu eða minniskorts) – VERÐ: 119.900,- kr



U20

SAMSUNG · EC-ST65ZZBPS

14 milljón pixlar · 5x optical aðdráttur · Samsung linsa 4,9-24,5 (37-135mm) · Skjár: TFT LCD 2,7" 230K · Stafræn (DIS) hristivörn · ISO: Auto, 80-3200 · Video: Uptaka 1280x720 (30fps)H.264 · Notar Micro SD/Micro SDHC mest – VERÐ: 27.900,-



ST65

SAMSUNG · HMX-U20BP

UPPTÖKUVÉL · Full HD 1920x1080i upptaka (H.264) · 3x Optical Aðdráttur 2" Skjár · 7,8M Pixla 1/2.3" CMOS Skynjari · 10m pixla ljósmyndun 4224 x 2376 · Notar SD/SDHC minniskort · Stærð: 15,6 x 52,5 x 104mm · Þyngd: 111g – VERÐ: 34.900,- kr

TILBOÐSVERÐ: 24.900,- kr

SAMSUNG · EC-ST30ZZBPB

10 milljón pixlar · 3x digital aðdráttur · Samsung linsa 4,1-12,3 (28-84mm) · Skjár: TFT LCD 2,4" 112K · Stafræn (DIS) hristivörn · ISO: Auto, 80-3200 · Vídeó: Uptaka 640x480 (30fps) · Notar Micro SD/Micro SDHC mest 2GB · Stærð: 82x51,9x16,9 mm – **Minnsta vél í heimi með zoom linsu** – VERÐ: 19.900,- kr



ST30



F50

SAMSUNG · SMX F50

UPPTÖKUVÉL · Upplausn 720 x 480 (H.264) · 52x Optical Aðdráttur 2,7" Skjár · Auto eða manual fokus · Notar SD/SDHC minniskort · Stærð: 53,9 x 56,5 x 119mm · Þyngd: 219g – VERÐ: 44.900 kr.



H303

SAMSUNG · HMX-H303BP

UPPTÖKUVÉL · Full HD · Stafræn myndbandsupptökuvél · Innbyggt 8GB SSD minni · SDHC/ SD minniskortarauf · Upplausn: 1920x1080/50i, 1280x720/50p, 720x576/50p · 5M (2880x1620) / 2M (1600x1200) JPEG Ljósmyndir · *Scneider Kreuznach* linsa · F: 1.8 (2.47mm~74.1mm) · 34mm filter · Ljósæmni 3 lúx (frábær í næturmyndartöku) · BSI CMOS Sensor · 30x optical aðdráttur (300x Digital aðdráttur) · LCD skjár 3" 230k (snertiskjár) · Hristivörn (OIS) – VERÐ: 84.900,- kr

VELDU BARA VANDAÐ – ÞAÐ BORGAR SIG ALLTAF

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
www.ormsson.is

SAMSUNG SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · 108 REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

FERILLINN



Shia LaBeouf

Hæð: 176 sentimetrar.
Besta hlutverk: Sam Witwicky í Transformers.
Staðreynd: Seldi pylsur í trúðabúningi ásamt foreldrum sínum í æsku.
Eitruð tilvitnun: „Ef ég á næga peninga fyrir mat er ég góður.“

1986 Fæðist þann 11. júní í Los Angeles. LaBeouf ólst upp í skuggalegu hverfi og átti furðulega æsku að eigin sögn.

1996 Byrjaði með uppistand í hverfinu sínu og reddaði sér umboðsmanni sem hann fann á gulu síðunum með því að þykjast vera sinn eigin umboðsmaður. LaBeouf sló í gegn með uppistandinu sínu tíu ára gamall með dónalegum húmor og var sagður hafa orðaförða fimmtugs manns þrátt fyrir að vera svo ungur.

2000 Lék hinn eigin-íngjarna Louis Stevens í þáttunum Even Stevens á Disney-stöðinni. Þátturinn vakti mikla lukku og var sýndur í þrjú ár.

2003 Sló í gegn í kvikmyndinni Holes og lék í nokkrum minna þekktum Hollywood-kvikmyndum á næstu árum.

2004 Byrjaði með China Brezner, stúlku sem hann kynntist á setti fyrir kvikmyndina The Greatest Game Ever Played. Þau hættu saman þremur árum seinna þar sem LaBeouf varð of upptekinn til að geta sinnt sambandinu.

2007 Negldi fyrsta stóra hlutverkið sitt í Transformers-kvikmyndunum þar sem LaBeouf fer með aðalhlutverkið. Sama ár lék hann í hryllingsmyndinni Disturbia.

2008 Lék hinn unga og efnilega Mutt Williams í fjórðu kvikmyndinni um Indiana Jones. Sama ár var hann handtekinn fyrir að keyra undir áhrifum áfengis eftir að hafa lent í bílslysi. LaBeouf þurfti að gangast undir fjölda aðgerða.

2009 Byrjaði með bresku leikkonunni Carey Mulligan sem lék á móti honum í Wall Street: Money Never Sleeps. Þau hættu saman ári seinna.

2010 Fór með aðalhlutverkið í myndinni Wall Street: Money Never Sleeps.



Frumskýningar helgarinnar

Transformers 3

Leikstjóri: Michael Bay.
Aðalhlutverk: Shia LaBeouf, Rosie Huntington-Whiteley og Tyrese Gibson.
Lengd: 154 mínútur.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 12 ára.
Kvikmyndahús: Sambíóin Álfabakka og Kringlunni, Smárabíó og Laugarabíó.

Í þriðju Transformers-myndinni, Dark of the Moon, komast hin góðviljuðu Autobot-vélmenni, sem hafa unnið hörðum höndum að því að vernda mannkynið að því að hin illskeyttu Decepticon-vélmenni ætla



að taka yfir Jörðina. Þegar vélmennin komast svo að því að á tunglinu leynist gríðarstórt geimskip frá Cybertron, sem gæti haft úrslitaáhrif í stríði Autobot- og Decepticon-fylkinganna um Jörðina, upphefst mikið kapphlaup um að komast yfir þann búnað sem þar er. Decepticon-liðar eru á undan og eru ekki lengi að byrja að nota hann til illis og hefjast umsvifalaust handa við að leggja heila borg í rúst. Autobot-liðar verða því að taka til sinna ráða og reyna að finna einhverja leið til að klekkja á illmennunum áður en mannkynið í heild verður þurrkað út.

MENN SVITNA ÞEGAR ÞEIR BERJAST VIÐ VÉLMENNI

KVIKMYND

Sorp!

Mr. Popper's Penguins fjallar um fjölskyldumanninn Tom Popper. Tom er giftur vinnunni sinni og vanrækir fjölskyldu sína mikið. Hann svikur loforð sín og er aldrei mættur á neina viðburði hjá börnunum sínum. Ef einhverjum finnst hann kannast við þennan söguþráð þá einmitt lék Jim Carrey í Liar Liar hér um árið en þar var hann einmitt sama týpan. Eftir að Tom Popper erfir nokkrar mörgæsir frá föður sínum breytist líf hans svo um munar. Myndin fylgir formúlublaðinu alveg fram í ystu æsar og eru klisjurnar á sínum stað eins og við var að búast.

Góð skemmtun fyrir börnin

Jim Carrey er auðvitað hrikalega fyndinn þegar hann nennir því en í þessari mynd fær hann ekki beint að njóta sín. Hans helstu augnablik í þessari mynd voru þegar einhver sparkaði í punginn á honum eða ein mörgæsir pissaði á hann. Þannig var húmorinn í þessari mynd. Þeir sem sáu trailerinn og vonuðust eftir finni skemmtun geta alveg gleymt því. Þessi mynd er sorp og ekkert annað. Mér fannst ég í raun vera heimskari eftir að hafa horft á hana. En svona til að enda þetta



Mr. Popper's Penguins MAMMA



á jákvæðum nótum þá mæli ég með þessari mynd fyrir alla helgarpabbana þarna úti sem vilja gera eitthvað með börnunum sínum. Krakkarnir munu elska þetta því mörgæsir eru sætar og skemmtilegar.

Tómas Leifsson

15 góðar um hefnd

Kvikmyndavefurinn Rotten Tomatoes hefur tekið saman 15 góðar kvikmyndir sem fjalla um hefnd. Þessar klikka ekki þegar maður er blóðþyrstur og reiður.

- Quantum of Solace
- Kill Bill
- Old Boy
- Ocean's Eleven
- The Mask of Zorro
- Cruel Intentions
- Leon
- The Crow
- Falling Down
- Mad Max
- I Spit on Your Grave
- Get Carter
- Point Blank
- High Plains Drifter
- Hamlet



Enska nærfatamódelið **Rosie Huntington-Whiteley** birtist í sínu fyrsta stóra hlutverki í **Transformers 3**. Nú biða menn spennir eftir því að sjá hvort hún standist **Megan Fox** snúning.

Popp-korn

Stórleikarinn Michael Caine sagði frá því í nýlegu viðtali að leikstjórinn Christopher Nolan hefði skammað hann fyrir að leka upplýsingum um nýjustu Batman-myndina, The Dark Knight Rises. „Ég er heppinn að geta sagt frá titli myndarinnar. Ég er þegar búinn að lenda í vandræðum fyrir að segja að við séum að vinna að myndinni og taka hana upp,“ sagði Caine.



Transformers-stjarnan Shia LaBeouf greindi frá því fyrir skemmstu að það sem var á milli hans og Megan Fox, mótleik konu hans í fyrri Transformers-myndunum tveimur, hafi ekki einungis verið leikur. Hann segir gagnkvæma hrifningu hafa náð út fyrir hvíta tjaldid og segir það fylgja því þegar fólk leikur ástfangnar persónur í sex mánuði.



Nýverið voru frumbirtar ljósmyndir úr The Hobbit, væntanlegri kvikmynd Peter Jackson og lofa þær vægast sagt góðu. „Ég er nákvæmlega sami kvikmyndagerðamaður og ég var fyrir tíu árum. Ég er bara að reyna að gera það sama og í fyrri myndunum, að segja söguna,“ segir Jackson sem er alsæll með gang mála.



Félagarnir Adam Sandler og Kevin James eru að öllum líkindum að fara að leika saman í bíómynd í þriðja skipti. Sandler og James hafa áður leikið í I Now Pronounce You Chuck & Larry og Grown Ups, en nú hefur James skrifað handrit að nýrri grínmynd sem kallast Valet Guys. Sandler er sagður vera að lesa handritið og íhuga málið.



Nú er verið að ljúka við að ráða í hlutverk fyrir nýjustu kvikmynd Ben Affleck, Argo. Myndin er byggð á sannri sögu og fjallar um útsendara CIA sem reyna að smygla Bandaríkjamönnum frá Teheran, höfuðborg Írans. Affleck sjálfur leikur aðalhlutverkið, Alan Arkin og John Goodman munu einnig fara með hlutverk og nú er verið að ræða við Bryan Cranston úr Breaking Bad um að taka að sér hlutverk.



Sveitt og blóðugt á Hróarskeldu

Agent Fresco er um þessar mundir á ferðalagi um Evrópu og koma við á **Hróarskelduhátíðinni** til að troða upp.

„Við höfum verið á tónleikaferðalagi síðustu tvær vikur og það hefur verið vægast sagt skrautlegt og skemmtilegt. Við höfum spilað á allt frá litlum pöbbum til stærri tónleikahátíða og bæði gíst á finum hótelum og í sprengjubyrgi.“ segja strákarnir í Agent Fresco en þeir hafa undanfarið verið á flakki um Evrópu. „Við höfum oft farið út í styttri tíma en þetta er okkar fyrsta alvörutónleikaferð. Við ferðumst á lítilli rútu sem er meðal annars búin sjónvarpi, PlayStation-tölvu og mjög þéttlegnu rúmi. Þetta kemur sér vel þar sem vegalengdirnar eru ansi langar og venjulegur dagur inniheldur um tíu tíma keyrslu. Viðbrögðin hjá áhorfendum eru búin að vera mjög góð og það hefur komið okkur mjög mikið á óvart hversu margir þekkja tónlistina okkar og syngja með á tónleikum.“

MONITOR TV

Þeir sem hafa farið á Hróarskeldu vita að oftast en ekki mætir maður heim með eina ef ekki mun fleiri góðar partísögur. Kíktu á MonitorTV á mbl.is þar sem Atli Fannar Bjarkason, fjölmiðlamaður, segir sína sögu sem inniheldur mannasaur og brenninetlur.

böndunum á þeim dögum en þurfum svo að fara því við erum að spila í Berlín á laugardeginum. Vignir er mjög mikill Iron Maiden-aðdáandi og er ekki búinn að tala um annað en það síðasta hálfu árið. Annars langar okkur að sjá bönd eins og Oh Land, Veto, PJ Harvey, Swans og Mastodon.“

Íslendingar eiga tvo aðra fulltrúa á Hróarskelduhátíðinni í ár en það eru Who Knew, sem spiluðu á mánudaginn síðastliðinn, og Ólöfu Arnalds sem kemur fram á föstudaginn.



Fulltrúar Íslands á Hróarskeldu

Ferðalag hljómsveitarinnar felur meðal annars í sér viðkomu á Roskilde Festival þar sem þeir stígu á stökk á Pavillion Junior-sviðinu í gær. Þegar Monitor náði tali af þeim voru fjórmennirnir að gíra sig upp fyrir giggið. „Það er auðvitað mikill heiður að spila á Hróarskeldu og getur verið mikill stökkpallur fyrir okkur. Bókarinn fyrir hátíðina sá okkur á síðustu Iceland Airwaves-hátíð og hafði svo samband við okkur. Við ætlum að taka nokkurn veginn sama prógrammið og við höfum verið að spila á túrnum. Við höfum einbeitt okkur að því að hafa tónleikana okkar fjölbreytilega, sveitta og blóðuga.“ Strákarnir verða þó ekki aðeins á meðal tónlistarmanna á hátíðinni heldur ætla þeir einnig að njóta hennar sem gestir. „Við náum fimmtudeginum og föstudeginum og ætlum að reyna að sjá sem mest af

HVER VISSI AÐ WHO KNEW YRÐU Á HRÓARSKELDU?

ÓLÖF ARNALDS VERÐUR Á HRÓARSKELDU

HVAÐ ERU MARGIR MEDLIMIR AGENT FRESKO Á MYNDINNI?



Stemningin í beinni

Heimasíðan Live Project, www.liveproject.me, fór í loftið fyrir skemmstu í sérstakri Hróarskeldu-útgáfu í opinberu samstarfi við aðstandendur tónlistarhátíðarinnar. Live Project er verkefni sem var sett á lagginn af Íslendingunum Herði Kristbjörnssyni, Daníel Frey Atlasyni og Arnari Yngvasyni fyrir Airwaves í haust ásamt öðrum viðburðum hérlendis. Vefurinn er miðstöð fyrir myndir og myndskaið frá gestum hátíðarinnar sem þeir geta uppfært beint inn á síðuna í gegnum snjallsíma. Fyrir vikið getur fólk hérlendis fengið stemninguna í Danmörku beint í æð í gegnum vefinn. Íslendingar koma því ekki einungis að hátíðinni stóru í gegnum tónlistina eina og sér þetta árið.



HVAR ER VALLI?

BESTA

ÚTÍHÁTÍÐIN 2011

Vertu með GusGus og Quarashi í tölvunni

Hlustaðu á frábæra lagalista á <http://besta.ring.is> með GusGus og Quarashi í boði Ring og deildu þeim með öllum vinum þínum.

VERTU MED

www.ring.is / m.ring.is
 www.facebook.com/ringjarar

SNIKKI / EIA / PNAF208

DEEP PURPLE TRIBUTE
Fimmtudagur 30. júní
Sódóma kl. 21



Djúpfjólublá stemning

Í kvöld mun Eyþór Ingi Gunnlaugsson trylla lýðinn á Sódómu ásamt félögum sínum þegar þeir leika öll vinsælustu lög Deep Purple. „Við ætlum að taka þessar helstu þerur, allt frá sýrutímabilinu fram að miðjum níunda áratugnum,“ segir Eyþór sem vann einmitt söngkeppni framhaldsskólanna árið 2007 þar sem hann tók fjólubláa slagarann Perfect Strangers. „Við leggjum upp úr því að spila þetta á sannfærandi máta í stað þess að einblína á að spila þetta nákvæmlega eins.“ Sjálfur segist Eyþór ekki endilega búast við því að brjóta gítara en lofar þó miklum trylling. „Öll orkan sem er í þessari tónlist fær að njóta sín og hún smitar út til áhorfendanna.“ Miðaverð er 1.200 krónur.

fílófaxið

fimmtudagur **30** júní laugardagur **2** júlí

STING/POLICE TRIBUTE

Café Rósenberg
Félagarnir Jógvan Hansen og Böddi í Dalton leiða hóp fríðra manna sem ætla að leika sín uppáhaldslög eftir Sting og Police. Sannir Sting og Police aðdáendur verða ekki sviknir af þessum tónleikum.

föstudagur **1** júlí

CLIFF CLAVIN

Bar11
21:00 Bar 11 stendur fyrir tónlistarveislu í allt sumar. Þessa helgina er það Cliff Clavin sem ætla að rokka fyrir gesti. Fritt inn fyrir alla rokkunnendur.

SVÍNARÍ #4

Faktorý
22:00 Monitor og Faktorý standa í hvernjum mánuði fyrir fríum tónleikum í samvinnu við Tuborg. Aðsóknin hefur verið góð hingað til svo það er um að gera að mæta úmanlega viljri þú sjá Sykur, Captein Fufanu og Bypass troða upp.

POP*UP VERZLUN

Trúnó og Barbara
14:00 Hér býðst fólki að festa kaup á íslenskum flísum milliöðlaust beint af hönnuði. Að þessu sinni verða það Mundi, Hlín Reykdal, Helicopter, IBA-The Indian in Me, Sonja Bent, Elva, Begga-Design, Dýrindi, Another Scorpion, Babetta og Svava Halldórs sem bera á borð sína hönnun.

BAGGALÚTUR

Græni hatturinn
22:00 Baggalútur mætir með allt sitt fóruneyti og hafurtask og tryllir kóntri- og léttþoppþyrsta Norðlendinga með hljóðfærslætti og söng.

LOPAPEYSAN

Faxabraut
23:59 Írskir dagar eru haldnir á Akranesi um helgina. Þeir ná hámarki þegar Lopapeysan hefst en þar munu troða upp ekki ómerkari listamenn en Pappar, Ingó og Veðurguðirnir, Hreimur, Björgvin Halldórsson og fleiri. Forsalan er hafin í Eymundsson Akranesi og í Kringlunni og Smáralind. Miðaverð er í forsölu er 3.500 krónur.

ERT ÞÚ

AÐ GERA EITTHVAÐ SKEMMTILEGT?

monitor@monitor.is



Allt að gerast - alla fimmtudaga!

Justin Bieber notar Proactiv® Solution

Burt með bólurnar!

Í Proactiv® Solution eru efni sem hreinsa húð þína og eyða bólum. Með daglegri notkun koma efnin í veg fyrir að nýjar bólur myndist. Við lofum því!



Eftirtalin sjálfstæð Apótek selja einnig Proactiv Solution:

- REYKJAVÍKURAPÓTEK, Seljavegi 2 // LYFJABORG APÓTEK, Borgartúni 28 // GARDSAPÓTEK, Sogavegi 108
- URÐARAPÓTEK, Grafarholti // RIMA APÓTEK, Grafarvogi
- APÓTEK HAFNARFJARÐAR, Tjarnarvöllum 11
- ÁRBÆJARAPÓTEK, Hraunbæ 115 // LYFJAVER Suðurlandsbr. 22



Heilsuþúdin.is
- bætt útlit, betri líðan

LOKAÞRÓFIÐ

| 30. júní 2011 |
MONITOR
skólinn

Ég heiti **DRÖUR HÁKONARDÓTTIR** í augnablikinu er uppáhaldsplatn mín **ARABIAN HORSE**
þú veist hver ég er af því að **ÉG ER Í AUSGUS**
uppáhaldsplatn mitt er **WITHIN YOU**
og uppáhaldssjónvarpsþátturinn minn er **MODERN FAMILY**



Fallegasti hestur í heimi er
a) sebrahesturinn
b) sá íslenski
c) Fagri Blakkur
d) arabísksi hesturinn

SATT OG ÓSATT

Ég hef heyrt „Urður, Verðandi, Skuld“ oftar en þúsund sinnum

S Ó

Ég öfunda Högna af fallegu, ljósu lokkunum

S Ó

Mig dreymir um að syngja afmælisönginn fyrir Ólaf Ragnar

S Ó

Mér finnst Björn Jörundur sætari en Daníel Ágúst

S Ó

Í kvikmynd um ævi mína myndi ég vilja fá **HOWE HUNTER**

til að leika mig en líklega yrði það samt **KIRSTEN DUNST**

Það svara við að vera kölluð Earth er að
a) ég sný mér alltaf í hring einu sinni á dag
b) ég kynnist Júpiter og Mars

c) ég er allt í senn eldur, vatn og ís
d) ég fer árlega hringinn í kringum sólinu
e) **HMMM...**

Ef ég mætti gera einn Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa

VERU MÍ GÓÐ VIÐ HVAÐ ANNAÐ VIÐ FAVUM ÞÁÐ TILÞAKKA ÞÚSUNDFALTI!



Klikkaðasti gaurinn í GusGus er

a) President Bongo
b) Daníel Ágúst
c) Högni Egilsson
d) Biggi Veira
vegna þess að **HANN ER SMALLINGUR & SMALLINGAR ERU ALLTAF KLUKKADIR**

Það sem fáir vita um mig er **AUÐGÁ ÖTTEUGA MARAT SEM VERÐUR EINN ÁTTIÞÞÞ!**

Að syngja á tvennum tónleikum á Nasa var

a) virkilega skemmtileg upplifun sem ég mun seint gleyma
b) andleg fullnægning
c) eins og að ferðast um loftin á loftbelg

d) einfaldlega geggjað
e) **BIGGI VEIRA SA & ÖGEGGIA GAMAN**
Ég hef aldrei getað neitt í **BOLTA-ÍÞRITTUM**

en ég bý yfir einstökum hæfileikum í **FLESTU 'ÖÐRU**

Ég myndi helst vilja gera dúett með

a) Michael Jackson
b) Elvis Presley
c) Tina Turner
d) Whitney Houston
e) _____

Eiginhandararitunin mín lítur svona út:

DRÖUR HÁKON


GusGus spilar á Bestu úthátíðinni í ár vegna þess að

a) Scooter var þar í fyrri
b) ég elska að spila úti í sveit
c) Quarashi er með „comeback“
d) við veljum aðeins það besta

Síðast en ekki síst

» Ragnheiður Ragnarsdóttir, sundkona, fílar:


Kvikmynd: Shawshank er alltaf uppáhalds. Ég er samt meira fyrir að horfa á gamanmyndir og Ace Ventura kemur mér alltaf í gott skap.



Þáttur: Modern Family á hug minn og hjarta þessa dagana. Við vinkonurnar erum meira að segja farnar að tjá okkur með kólumbísk-enskum hreim eins og Gloria.



Bók: Ég er að lesa Outliers núna og hún er að gera sig. Annars les ég mikið af bókum um hugarfarar og mataræði. Ég nenni aldrei að lesa skáldsögur. Ég vil lesa bækur sem kenna mér eitthvað.



Plata: Það er svo sem engin ein plata sem ég held upp á. Ég er með Seabear, GusGus og Diktu í bílnum og skipti reglulega um. Ég fíla Diktuna í botn enda er einkaflugmaðurinn minn hann Nonni einstaklega góður trommari.



Vefsíða: www.cold.is er að sjálfsögðu í uppáhaldi hjá mér. Við amma erum að byggja upp M-Design og þar er alltaf eitthvað skemmtilegt að gerast.



Staður: Hofsós og Seyðisfjörður. Ég er ættuð frá báðum þessum stöðum og ég elska að komast í burtu frá borginni og vera svoltið retró í sveitinni. Skoða tímarit frá 1950 í húsinu hennar langömmu á Hofsósi er æði. Svo skemmir ekki fyrir að nýja sundlaugin þar er sjúklega flott.



KÓRÓNAÐU DAGINN



HÁMARK - KONUNGLEGUR PRÓTEINDRYKKUR


BESTA

ÚTIHÁTIÐIN 2011

3.000

„like“

þá opnast 2 remix
frá GusGus
og Quarashi til
að hlusta á!



Glaený remix frá Quarashi og GusGus

Skelltu þér á <http://besta.ring.is> og taktu þátt í að opna fyrir splunkuný remix með því að setja þitt „like“ í mælinn. Lögin verða aðgengileg þegar mælirinn er fullur.

www.ring.is / m.ring.is



www.facebook.com/ringjarar



VERTU MEÐ